

Eftirfarandi samþykktarbreytingar eru lagðar fram af stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands á ársfundi sjóðsins 11.júní 2010.

Grein 4.9.

Þar stendur: Stjórn sjóðsins er heimilt að gera rekstrarsamning við **verðbréfafyrirtæki**

Tillaga: Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samning við fjármálafyrirtæki eða annan hæfan aðila um rekstur sjóðsins.

Rökstuðningur: Verðbréfafyrirtæki er þröng skilgreint í lögum um fjármálafyrirtæki. Lífeyrissjóður er t.d. ekki verðbréfafyrirtæki.

Grein 4.10.

Tillaga um nýja grein: Stjórn sjóðsins skal gera samning, eitt ár í senn, við löggiltan endurskoðanda um endurskoðun sjóðsins.

Rökstuðningur: Ráðning endurskoðanda hefur verið undir ársfundarstörfum. Með nýjum lögum um endurskoðunarnefndir lífeyrissjóða, ber nefndinni lagaleg skylda til þess að koma með tillögur að ráðningu endurskoðenda til stjórnar. Með því er búið að taka forræði af ráðningu endurskoðanda af ársfundi. Því er eðlilegast að stjórn taki ákvörðun um ráðningu endurskoðanda út frá tillögu endurskoðunarnefndar.

Grein 5.3.8

Þar stendur: Kjör endurskoðanda

Tillaga: Greinin fellur niður

Rökstuðningur: Vísar í rökstuðning með grein 4.10

Grein 8.2.

Þar stendur: Lífeyrissjóðurinn býður fjóra kosti við öflunar lágmarkstryggingarverndar. Sjóðfélagar geta valið milli þessara kosta við inngöngu í sjóðinn, og sama gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku samþykpta þessara. Ef sjóðfélagi velur sér ekki sjálfur ákveðna leið er hann sjálfkrafa settur í leið IV.

Tillaga: Við greinina bætist .. Frá og með 1.júní 2010 skulu nýir sjóðfélagar velja sér leið með skriflegum samningi við sjóðinn.

Rökstuðningur: Eðlilegast er að nýjum sjóðfélögum sé skylt að velja sér ákveðna leið við öflun lágmarkstryggingaverndar og séu ekki sjálfkrafa settir í ákveðna leið ef þeir velja ekki.

Grein 8.5.

Þar stendur: Frjáls séreign myndast af þeim viðbótariðgjöldum sem varið er til séreignar-myndunar. Frjáls séreign er að fullu séreign sjóðfélagans/rétthafans og erfist samkvæmt erfðalögum. Frjálsa séreignin er laus til útborgunar frá 60 ára **aldri með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Útborgun er þó aldrei laus fyrr en tveim árum eftir fyrstu innborgun. Eftir 67 ára aldur er frjáls séreign sjóðfélagans laus til útborgunar samkvæmt ákvörðun sjóðfélagans.**

Tillaga: Frjáls séreign myndast af þeim viðbótariðgjöldum sem varið er til séreignar-myndunar. Frjáls séreign er að fullu séreign sjóðfélagans/rétthafans og erfist samkvæmt erfðalögum. Frjálsa séreignin er laus til útborgunar frá 60 ára aldri skv. 11.gr laga nr. 129/1997

Rökstuðningur: með lögum nr. 171/2008 var lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 breytt á þann veg að öll séreign er laus til útborgunar með eingreiðslu við 60 ára aldur sjóðfélaga.

Grein 9.1.

Þar stendur: 10%

Verður: 12%

Rökstuðningur: Lögbundið iðgjald er nú 12% en ekki 10% og því þarf að breyta því í samþykktum. Þar sem lög eru æðri en samþykktir sjóðsins hefur sjóðurinn unnið út frá 12% lögbundnu iðgjaldi frá því að lágmarksiðgjaldið var hækkað úr 10% í 12% árið 2006. Þessi breyting er því eingöngu formsatriði.

Grein 15.2.

Þar stendur: Þegar sjóðfélagi/rétthafi hefur náð 60 ára aldri er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar úr frjálsri séreign með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en 7 árum eða á þeim tíma sem sjóðfélagi/rétthafi vantar upp á 67 ára aldur.

Tillaga: Þegar sjóðfélagi/rétthafi hefur náð 60 ára aldri er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar úr frjálsri séreign skv. 11.gr. laga nr. 129/1997.

Rökstuðningur: með lögum nr. 171/2008 var lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 breytt á þann veg að öll séreign er laus til útborgunar með eingreiðslu við 60 ára aldur sjóðfélaga.

Grein 15.3.

Þar stendur: Deyi sjóðfélagi/rétthafi áður en séreignin að fullu greidd út, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut barns undir 13 ára aldri, við andlát sjóðfélaga/rétthafa, ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á, að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri, skal hlutur þess greiddur út á 5 árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á 7 ár eða þann tíma sem makan vantar á 67 ára aldur við andlát sjóðfélaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka eða barn rennur innistæðan til dánarbúsins.

Tillaga er að hluti greinarinnar falli út og hún verði svona: Deyi sjóðfélagi/rétthafi áður en séreignin að fullu greidd út, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.

Rökstuðningur: Með lögum nr. 171/2008 var lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 breytt á þann veg að öll séreign er laus til útborgunar með eingreiðslu við 60 ára aldur sjóðfélaga. Stjórnin telur þar að auki að við lát sjóðfélaga sé öll binding séreignar úr sögunni og ber að afhenda hana dánarbúi.

Grein 15.4.

Þar stendur: Ef innistæða rétthafa/sjóðfélagi, sem gert hefur samning við sjóðinn um viðbótartryggingarvernd, nær ekki 500.000,00 skal stjórn sjóðsins dreifa útborgun á skemmri tíma en 7 ár ef rétthafi/sjóðfélagi óskar þess. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Tillaga: Greinin fellur út

Rökstuðningur: með lögum nr. 171/2008 var lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 breytt á þann veg að öll séreign er laus til útborgunar með eingreiðslu við 60 ára aldur sjóðfélaga.

Grein 15.7.

Þar stendur: Samningum um viðbótarlífeyrissparnað er hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara.

Verður: Samningum um viðbótarlífeyrissparnað er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara.

Rökstuðningur: með lögum nr. 171/2008 var lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 breytt á þann veg að heimilt er að segja upp samningum um viðbótarlífeyrissparnað með tveggja mánaða fyrirvara.

Þar sem grein 15.4. fellur út verður grein 15.5. eftirleiðis 15.4., grein 15.6. verður 15.5. og grein 15.7. verður 15.6.

Grein 20.2.

Þar stendur: Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir aðalfund....

Tillaga er að við greinina bætist: Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins eða rekstaraðila og birtar á heimasíðu sjóðsins í tvær vikur fyrir aðalfund....

Rökstuðningur: Breytingin skýrir sig sjálf.

Grein 21.1.

Þar stendur: Samþykktir þessar taka gildi þegar Fjármálaráðuneytið hefur gefið út starfsleyfi fyrir sjóðinn.

Tillaga: Samþykktir þessar taka gildi þegar Fjármálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Rökstuðningur: Fjármálaráðuneytið hefur þegar gefið út starfsleyfi fyrir sjóðinn, en eftir hverjar samþykktarbreytingar þarf Fjármálaráðuneytið samkvæmt lögum að staðfesta nýjar samþykktir svo þær taki gildi.

Samþykkt á stjórnarfundum LTFÍ 10. maí 2010